

Dag og göngudeild L0/L1

Öldrunarþjónusta flæðisviðs Landspítala Landakot



Göngudeildin er á fyrstu hæð í L álmu og dagdeildin er í kjallara L álmu.

Opið er alla virka daga kl. 08:00 til 16:00

Sími: 543 9900

Almennar upplýsingar um starfsemi

Á dag- og göngudeild fer fram greining, meðferð, ráðgjöf, eftirlit og vísindarannsóknir.

Á deildina er vísað fólki sem er 67 ára og eldra sem glíma við langvarandi heilsubrest og versnandi færni.

Teymi fagstétta vinnur saman að hverju máli eftir því sem við á. Auk þess eru sjúklingum og aðstandendum þeirra veittar upplýsingar ráðgjöf og eftirfylgd.

Það þarf tilvísun læknis til að komast í viðeigandi meðferðarúrræði á dag- og göngudeild Landakoti.

Starfseminni er skipt upp í móttökur eftir meginviðfangsefnum.

Almenn móttaka

Á almennri móttöku fer fram greining og mat á meðferðar- og endurhæfingarmöguleikum þegar um langvarandi heilsubrest og versnandi færni er að ræða. Þar fer einnig fram eftirlit ef flókinna meðferðar- og þjónustuúrræða er þörf.

Byltu og beinverndarmóttaka

Læknar geta vísað á byltumóttöku þar sem fram fer greining á orsökum endurtekinna byltna. Unnið er í teymi læknis, hjúkrunarfræðings, sjúkrapjálfa og iðjupjálfa. Veitt er sérhæfð ráðgjöf og í sumum tilfellum meðferð.

Hjúkrunarmóttaka

Á hjúkrunarmóttöku er metið andlegt og líkamlegt ástand, aðstæður og þjónustuþörf. Gerð er áætlun um þjónustu og henni fylgt eftir.

Fyrsta heimsókn fer oft fram í kjölfar tilvísunar frá bráðamóttöku, öðrum deildum Landspítala, útskriftarteymi spítalans, heimahjúkrun, heimaþjónustu eða heilsugæslustöðvum.

Minnismóttaka

Á minnismóttöku fer fram greining heilabilunar og minnissjúkdóma.

Minnismóttaka er fyrir einstaklinga sem hafa einkenni sem benda til heilabilunarsjúkdóma. Helstu einkenni eru minnistap, skert ratvísi, verkstol og málstol. Einnig geta verið geðræn einkenni svo sem ranghugmyndir, þunglyndi, kvíði, dægurvilla og fleira.

Unnið er í teymisvinnu og koma ýmsar fagstéttir að meðferð og greiningu heilabilunarsjúkdóma.

Greiningarmóttaka

Greiningarmóttaka er fyrir aldraða með fjölþætt heilsufarsvandamál.

Þangað er vísað sjúklingum sem hafa endurtekið þurft að leita á bráðamóttöku og þurfa frekari aðkomu teymis, það er lækni, hjúkrunarfræðings og sjúkrahjálfa.

Á bráðamóttöku er lagt fyrir komumat (InterRai-CA) og m.a. út frá því metið hvort einstaklingur uppfylli skilmerki um komu á greiningarmóttöku. Í kjölfar þess mats er sjúklingur bókaður í tíma á greiningarmóttöku á dag- og göngudeild til frekari úrvinnslu og og lausn mála.

Dagdeild L0 /endurhæfing

Á deildinni fer fram endurhæfing aldraðra sem geta nýtt sér meðferð á daginn en dvalið heima á kvöldin og um helgar.

Akstursþjónusta til og frá heimili stendur til boða fyrir þá sem sækja endurhæfingu á deildinni. Einstaklingar dvelja á deildinni 4 – 5 klst. í senn, tvisvar eða þrisvar í viku á meðan á endurhæfingartímabilinu stendur.

Markmið deildarinnar er að aðstoða aldrað fólk við að viðhalda hæfni sinni og takast á við breytingar á heilsufari. Reynt er að fá góða yfirsýn yfir aðstæður hvers og eins og leitað er úrlausna í samvinnu við hvern einstakling og fjölskyldu hans.

Öldrunarlæknar senda inn tilvísun á dagdeild þegar þörf þykir á frekari endurhæfingu eftir komu skjólstæðinga á göngudeild, bráðamóttöku eða í framhaldi af spítalalegu.

Það þarf alltaf að senda tilvísun frá lækni í meðferðarúrræði á dag og göngudeild öldrunarþjónustu.

Hægt er að að senda tilvísun rafrænt í Heilsugátt hafi viðkomandi læknir aðgang að því kerfi innan Landspítala.

Annars er tilvísun send bréflega.

Mikilvægt er að fram komi ástæða fyrir tilvísun, heilsufarssaga og lyfjameðferð skjólstæðings, ásamt nafni og viðfangsnúmeri þess læknis er sendir beiðni.

Ef send er beiðni á minnismóttöku ber að hafa eftirfarandi í huga:

Tilvísandi læknir þarf að hafa metið eftir föngum hvort um tímabundið ástand er að ræða sem gæti t.d. stafað af streitu, áföllum eða líkamlegum veikindum.

Æskilegt er að tilvísandi læknir hafi metið vitræna getu með viðtali við sjúkling og aðstandanda eftir atvikum og með einföldum prófum.

Allar nánari upplýsingar um tilvisanir og beiðnir á dag og göngudeild LO /L1 má fá í síma 543 9900.

Deildarstjóri LO/L1 Guðný Valgeirsdóttir.

Aðstoðardeildarstjóri LO/L1 Guðlaug Guðmundsdóttir.

Vinsamlegast athugið að sjúkráhusið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkráhusins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.
